



Litla barnið í leikskólanum

Þarfir yngstu barnanna í leikskólanum og mikilvægi þess að leikskólakennarinn komi til móts við þær

Ruth Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.- prófs
deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Litla barnið í leikskólanum

*Þarfir yngstu barnanna í leikskólanum og mikilvægi þess að
leikskólakennarinn komi til móts við þær*

Ruth Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.- prófs í Leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Margrét Sigmarsdóttir

deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2020

Litla barnið í leikskólanum

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í leikskólakennarafræði við deild kennslu- og menntunarfræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Ruth Ragnarsdóttir 2020.

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Ritgerðin fjallar um yngstu börnin í leikskólanum sem eru börnin frá eins til þriggja ára. Fyrri kaflinn fjallar um þær breytingar sem eiga sér stað á fyrstu þremur árunum í þroska barnsins sem eru vægast sagt mikilfenglegar. Seinni kaflinn fjallar um hlutverk kennarans við skipulagningu leikskólastarfsins til þess að koma sem best til móts við þarfir barnanna sem dvelja á deildinni hans með tilliti til þroska þeirra. Síðustu ár hefur yngstu börnunum í leikskólanum fjölgað töluvert og þess vegna er tilgangur ritgerðarinnar að skýra frá þeim þáttum sem leikskólakennari yngstu barnanna þarf að hafa í huga við skipulagningu námskránnar til þess að mæta börnunum þar sem þau eru stödd og skipuleggja áskoranir til þess að styðja við frekari framfarir í þroska þeirra. Þær upplýsingar sem fram koma um mikilvægi þess að kennarinn þekki þroskastig og þarfir barnanna aflaði ég mér úr fræðilegu efni, úr bókum og tímaritsgreinum meðal annars. Í ritgerðinni kemur í ljós að kennarinn þarf að hafa þroskastig barnanna í huga við skipulagningu allra þátta leikskólastarfsins en þeir þættir sem um ræðir eru námsumhverfi, efniviður, foreldrasamstarf, málörvun og frjálsi leikurinn. Efni ritgerðarinnar er mikilvægt fyrir litlu börnin okkar í leikskólanum þar sem að þau þurfa á annarri námskrá að halda heldur en eldri börnin í leikskólanum því að barn tekur hröðum framförum í alhliða þroska fyrstu þrjú árin í lífinu.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Litla barnið	8
2.1 Líffræði- og vitsmunalegur þroski.....	8
2.2 Málþroski.....	11
2.3 Sálfélagsþroski	13
2.4 Geðtengsl.....	15
3 Litla barnið í leikskólanum	17
3.1 Hlutverk kennarans	19
3.2 Samstarf við foreldra	22
3.3 Leikurinn.....	24
3.4 Námsumhverfi	25
3.5 Efniviður	27
3.6 Málörvun	28
4 Lokaorð	31
Heimildaskrá	33

Formáli

Þessi ritgerð fjallar um yngstu börnin í leikskólanum og er 10 eininga lokaverkefni mitt til B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands. Ég vil þakka Margréti Sigmarsdóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir hjálpina við að koma hugmyndum mínum niður á blað og þrengja þær niður í ritgerðarefnið. Einnig vil ég þakka henni fyrir hvatningu, góða leiðsögn og ómetanlega aðstoð síðustu mánuði.

Síðustu mánuði hefur gríðarlega mikill tími farið í ritgerðarskrif og því vil ég þakka fjölskyldu minni, Grétari Berg og Heklu Marí, fyrir umburðarlyndi, þolinmæði og hvatningu. Einnig vil ég þakka mömmu og pabba fyrir að hvetja mig alltaf áfram og styðja við bakið á mér í öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Síðast en ekki síst vil ég þakka Þórunni Birnu Jónsdóttur og Þorbjörgu Örnunni Unnsteinsdóttur fyrir að sitja með mér fram yfir miðnætti á virkum degi til þess að aðstoða mig fyrir síðustu skil. Það var algjörlega ómetanlegt.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=41969>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 18. maí 2020

Ruth Ragnarsdóttir

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um yngstu börnin í leikskólanum en undanfarin ár hefur þeim farið fjölgandi (Hagstofa Íslands, e.d.). Með auknum fjölda ungra barna koma meiri kröfur á leikskólakennarann að kynna sér þroskasálfræði yngstu barnanna og leiðir þeirra til náms. Þegar rætt er um yngstu börnin eða ungabörn í ritgerðinni er átt við börn á aldrinum núll til þriggja ára.

Á fyrstu þremur árunum í lífi barns tekur það miklum framförum í alhliða þroska. Það fer frá því að nota látbragð og bendingar til þess að tjá sig í að nota tungumálið til að koma fram hugmyndum sínum.

Þekking á þroska og hæfni ungabarnsins er mikilvæg þegar leikskólakennarinn skipuleggur starfið á deildinni svo að kröfurnar sem settar eru á börnin séu í samræmi við aldur þeirra. Kennarinn þarf að vita hvar barnið er stadd í þroska til þess að koma til móts við þarfir þeirra og styðja þau áfram. Markmið þessarar ritgerðar er því að varpa ljósi á mikilvægi þess að leikskólakennarinn skipuleggi starf leikskólans svo að það mæti þörfum barnsins.

Ritgerðinni er skipt í tvo aðalkafla. Fyrri kaflinn heitir Litla barnið og hann skiptist í fjóra undirkafla. Í þeim er fjallað um líffræði- og vistmunalegan þroska, málþroska, sálfélagsþroska og geðtengsl. Einnig verður greint frá kenningum líkt og kenningu Piaget um vitsmunþroska, kenningu Erikson um sálfélagsþroska og kenningu Bowlby um geðtengsl. Í kaflanum er skýrt frá helstu breytingum á alhliða þroska fyrstu þrjú árin í lífi barna sem eru mikilfenglegar. Seinni kaflinn heitir Litla barnið í leikskólanum og hann fjallar um það hlutverk sem leikskólakennarinn hefur til þess að koma sem best til móts við þarfir yngstu barnanna og styðja þau við að efla alhliða þroska. Umfjöllunarefni kaflans verður skipt í sex undirkafla sem fjalla um það hlutverk sem kennarinn hefur við skipulagningu helstu þátta starfsins með þroska og þarfir yngstu barnanna í huga. Þessir þættir eru hlutverk kennarans í starfinu, samskipti við foreldra, leikurinn, skipulagning námsumhverfisins og efniviðar ásamt málörvun. Í lokin verður viðfangsefni ritgerðarinnar dregið saman í stuttu máli.

2 Litla barnið

Líkt og kemur fram hér að framan fjallar ritgerðin um yngstu börnin í leikskólanum og hvernig leikskólakennarinn þarf að skipuleggja starfið til þess að koma sem best til móts við þarfir barnanna og styðja við þroska þeirra. Áður en fjallað verður um yngstu börnin í leikskólanum er þó mikilvægt að kynna sér fræðin á bakvið þroska litla barnsins og hvaða breytingar eiga sér stað hjá barninu á fyrstu þremur árunum en þegar barn fæðist í heiminn má segja að það sé búið að taka fyrsta skrefið í ferðalaginu endalæsa. Litla barnið fæðist með getu til að anda að sér súrefni, nærast og hafa hægðir meðal annars og eru með getu til að læra inn á nýja umhverfið sitt, lífið (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Þessi geta er þó óþroskuð en með stuðning hins fullorðna byrja börnin að leggja grunninn að þroskaferli sínu sem þau byggja síðan upp með framförum eftir því sem þau eldast.

Í þessum kafla verður fjallað um líffræðilegan- og vitsmunalegan þroska, málþroska og sálfélagsþroska. Í þessum undirköflum verður sagt frá kenningum líkt og kenningu Piaget um vitsmunaproska, kenningu Erikson um sálfélagsþroska og kenningu Bowlby um geðtengsl. Það er mikilvægt að fjalla um þetta vegna þess að þessir þættir skipta máli fyrir leikskólakennarann en þegar hann fer að skipuleggja starfið með yngstu börnunum er nauðsynlegt að hann þekki hvar barnið er stadd í þroska svo hann geti skipulagt starfið þannig að hann komi til móts við þarfir þeirra og styðji þau áfram. Einnig er þessi þekking mikilvæg til þess að námskrá deildarinnar sé í samræmi við aldur barnanna og hæfni.

2.1 Líffræði- og vitsmunalegur þroski

Á fyrstu tveimur árunum í lífi barns verða miklar breytingar á getu og þroska þess. Fyrstu mánuðina spannar geta barnsins yfir þær athafnir sem eru meðfæddar eins og að sofa, hafa hægðir og borða. Á þessum tveimur árum öðlast barnið síðan hæfni til að skrifa, ganga og tala sem sýnir að barnið tekur miklum framförum. Barnið verður mun hæfari í að meðhöndla hluti en munurinn sést í því að barn sem er undir eins árs reynir að ná í og snerta allt sem augað sér og notar munninn sem rannsóknartæki. Eftir því sem barnið færir nær tveggja ára afmælinu sínu fer það hins vegar að læra að flokka hvaða athöfn á við hverju sinni líkt og að setja skeiðina í munninn og að kasta eða sparka í bolta (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Á fyrsta árinu má sjá mikilar breytingar koma fram í vitsmunaproska þegar barnið fer að muna það sem það sér aðra gera og herma eftir því, í leik meðal annars. Þau fara þá að nota hluti sem staðgengla fyrir aðra hluti líkt og nota fjarstýringu til að þykjast tala í símann.

Börn eru strax frá fæðingu tilbúin til að safna að sér þekkingu, skipuleggja hana og geyma hana í minninu til að sækja hana þegar þau þurfa á henni að halda. Augu, eyru, nef, vöðvar og önnur líffæri sjá um þessa upplýsingasöfnun og geyma í heilanum. Það er því mikið að gera í heila barna fyrstu þrjú árin og má helst líkja honum við byggingasvæði (construction) (Maguire-Fong, 2015). Þetta má sjá út frá því að við fæðingu er heilinn um það bil 25% af þeirri stærð sem hann verður en aðeins tveimur árum seinna er hann orðinn um það bil 90% af stærðinni sem hann verður. Eftir þriggja ára hægist síðan á þessari þróun.

Heilinn skiptist í fjögur svæði sem þroskast á mismunandi tíma. Heilastofninn þroskast fyrstur en í honum er lífsnauðsynlegum þáttum stjórnað, líkt og að anda (Maguire-Fong, 2015). Milliheilinn þroskast næstur en í honum eru þáttum líkt og hungri og þreytu stjórnað. Randkerfið er þriðja svæðið til að þroskast en það gegnir lykilhlutverki í tilfinningaþroska barna. Á fyrstu mánuðunum má í raun segja að barn fari á milli tveggja tilfinninga, annars vera ánægju og hins vegar óánægju. Um sex mánaða fer randkerfið í miklar byggingar og um tveggja ára aldur hafa börn tekið gríðarlegt stökk og eru farin að finna margar tilfinningar líkt og stolt, gleði og skömm. Heilabörkurinn er síðasta svæðið til að þroskast hjá litla barninu en hann stjórnar hreyfingu, hugsun og tungumálinu meðal annars (Maguire-Fong, 2015).

Heilabörkurinn er því ráðandi yfir þróun á hreyfigetu barna fyrstu þrjú árin en sú þróun er hröð og mikil eftir því sem þau stækka og styrkjast en fyrst um sinn lærir barnið á umhverfið með því að nota hendurnar og munninn en seinna meir með því að hreyfa sig á milli staða. Þessar breytingar sjást oft vel á heimilum barnanna en fyrstu mánuðina fá skrautmunir í seilingarhæð frið en með aukinni hreyfigetu þarf fjölskyldan að fara að endurskipuleggja heimilið og færa til þá hluti sem barnið má ekki ná í (Lightfoot, Cole og Cole, 2013).

Hreyfigeta barna skiptist í fínhreyfingar annars vegar og grófhreyfingar hins vegar en leikskólakennari yngstu barnanna þarf að skipuleggja námsumhverfi og efnivið deildarinnar með það í huga að efla þessar hreyfingar. Fínhreyfingar eru þær hreyfingar sem virkja litlu vöðvana, líkt og að hreyfa fingurnar og augun (Lightfoot, Cole og Vole, 2013). Grófhreyfingar eru þær hreyfingar sem virkja stærri vöðva sem eru mikilvægir til þess að barn geti farið á milli staða, fyrst skríðandi, næst labbandi og svo hlaupandi. Það má því segja að miklar líkamlegar breytingar eiga sér stað á þessum fyrstu þremur árum þar sem barnið fer meðal

annars frá því að skríða í það að labba en skipulag námsumhverfis er vel skipulagt þegar það ýtir undir frekari þróun á hreyfigetu barnanna. Betur verður sagt frá því í kaflanum um námsumhverfi og efnivið.

Miklar breytingar eiga sér einnig stað í vitsmunapróska á fyrstu árunum en Jean Piaget er fræðimaður sem hefur mikið rannsakað vitsmunapróska barna en hann áleit að vitsmunalíf barna tæki breytingum á svipuðum aldri og setti því fram stígbundna kenningu um þessa þróun en á þeirri kenningu hafa margir fræðimenn sem komu á eftir honum byggt sínar rannsóknir á (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Þroskastigin eru fjögur og kallast: skynhreyfistig, foraðgerðarstig, stig hlutbundinna aðgerða og stig formlegra aðgerða. Hér á eftir verður sagt frá fyrstu tveimur stigunum þar sem að þau eiga við yngstu börnin í leikskólanum en mikilvægt er að leikskólakennari yngstu barnanna þekki þessi fyrstu stig til þess að geta sett viðeigandi kröfur á barnið og skipulagt námskrána þannig að hún sé í samræmi við þroska og aldur barnanna.

Fyrsta þroskastigið, skynhreyfistigið, spannar fyrstu tvö árin í lífi barns en Piaget kallaði það skynhreyfistigið vegna þess að börnin nota skynfærin og hreyfigetu til þess að læra. Börn fæðast með ósjálfráð viðbrögð, hæfni til að skynja og hreyfa sig. Piaget áleit að grunnurinn að greind og hugsunar barnsins sé þegar barnið fer að prófa sig áfram við að samhæfa skynjun og hreyfingar til þess að búa til svaranir við áhrifum umhverfisins. Á þessu stigi fer barnið að geta leikið eftir hegðun sem það sér hjá öðrum og áttar sig á því að athafnir þess hefur áhrif á umhverfið í kringum það. Börn fara einnig að labba og myndast við að tala, fyrst í stökum orðum og seinna í setningum (Berger, 2011). Um átta mánaða taldi Piaget að börn fari að átta sig á varanleika hluta, það er að hlutur og fólk halda áfram að vera til þó þau hverfi úr augnsýn. Þá fara börnin að átta sig á því að leita af hlutnum. Í leikskólanum er því nauðsynlegt að barnið fái tækifæri til þess að samhæfa skynjun og hreyfingar og læra á umhverfið með því að rannsaka það á eigin spýtur með skynfærum sínum.

Þar sem stigið spannar tvö ár eru þroskabreytingarnar sem eiga sér stað á stiginu stígvaxandi. Til að byrja með er framförin að fara úr því að vera með ósjálfráð viðbrögð í það að reyna að tengja viðbrögðin við athafnir, til dæmis að átta sig á því að sjúga brjóst en ekki bangsa. Seinna fara börnin að kanna eiginleika hluts á eigin spýtur og fara að setja sér markmið sem þau reyna að ná (Berger, 2011). Það eru því miklar breytingar sem koma fram

á stiginu en ein stærsta breytingin er sú að við fæðingu hefur barnið helst stjórn á ósjálfráðum viðbrögðum en í lok stigsins hafa börnin náð þeim þroska að geta hugsað um hluti sem þau sjá ekki.

Á foraðgerðarstiginu er hugsun barnsins sjálfæg þar sem barnið sér hlutina einungis út frá sínu sjónarhorni og á því erfitt með að setja sig í spor annarra. Barnið notar þar helst tungumálið til þess að tjá hugsanir sínar og skoðanir og lifir í þeirri trú að allt í umhverfinu, bæði einstaklingar og hlutir, hugsi eins og það gerir sjálft (Berger, 2011). Þetta er mikilvægt fyrir leikskólakennarann að vita til þess að geta sett viðeigandi kröfur á barnið þar sem að þetta sýnir svart á hvítu að ekki er hægt að ætlast til þess að yngstu börnin sjái hlutina út frá sjónarhorni annarra barna og geti sett sig í spor þeirra.

Það má segja að þessi kenning hans Piaget sé gott verkfæri fyrir alla, þá sérstaklega leikskólakennara, til þess að nýta sér í uppeldi barna og leikskólasterfinu til þess að átta sig á því hvar barnið er stadd í þroska til að geta stutt við það og hjálpað því að komast lengra. Kenningin er einnig frábært verkfæri fyrir leikskólakennara til þess að nota þegar þeir skipuleggja námskrá og námsumhverfi yngstu barnanna þar sem í henni má sjá hvaða kröfur eru raunhæfar fyrir barnið og komast þannig hjá því að setja markið of hátt fyrir barnið að ná.

Aukinn vitsmunaproski og hreyfigeta hefur þau áhrif að börn fá þörf fyrir því að byrja að nota tungumálið til að tjá sig þar sem það er helsta samskiptaformið sem hægt er að vera í samræðum við aðra úr fjarlægð og hafa þessir þættir því merkileg áhrif á þróun málþroskans. Til þess að aðstoða börnin við að þróa málþroskann þarf kennarinn að vera duglegur að reyna að flétta málörvun inn í allt starf leikskólans og vera virkur í samskiptum við börnin.

2.2 Málþroski

Leikskólakennarinn þarf að eiga mikil samskipti við börn sem eru bæði byggð á munnlegri og skriflegri notkun tungumálsins. Kennarinn talar við börnin allan daginn og les fyrir þau. Þegar hann les fyrir börnin sýnir hann þeim að tungumálið er einnig skriflegt. Leikskólakennarinn er því stór áhrifavaldur á þróun tungumálsins hjá börnum og því er mikilvægt að hann nái sér í þekkingu um það hvernig börn þróa hæfni sína í tungumálinu (Otto, 2014). Með því að kynna sér fræðin er kennarinn hæfari til að leiðbeina og styðja við börn til þess að efla

málþroska þeirra. Börn þurfa að hafa góða hæfni í tungumálinu til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu en þróun tungumálsins hjá ungum börnum hefst þegar þeir sem kunna málið tala við börn eins og þau séu virkir þátttakendur í samtalinu, þó svo að það sé langt þangað til barnið lærir að tala með orðum.

Frá þriggja mánaða aldri byrja börn að eiga auðveld samskipti við foreldra sem innihalda helst að þau sýna með svipbrigðum og hjali hvað þau eru að segja og þar er nauðsynlegt að augnsamband náist (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Þegar barn er um fjögurra mánaða fer það að þekkja tónfall í sínu nafni frekar en öðrum orðum. Um sex mánað fara þau að sýna merki um að þau skilji merkingu orða fyrir kunnuglega hluti líkt og mamma, pabbi og borða. Um níu mánaða hefur málþroskinn eflst enn frekar og þau eru farin að skilja staðhæfingar ef þær eru notaðar við réttar athafnir.

Hæfni til að tala tungumálið kemur í raun nokkrum mánuðum eftir að barnið hefur hæfni til að skilja tungumálið (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Það byrjar með tjáningarformi sem kallast babl en það er þegar börn setja saman samhljóða og sérhljóða, líkt og dada eða baba. Bablið byrjar að hafa merkingu um sjö mánaða en fyrst um sinn er babl helst leikur með hljóð þar sem börnin eru að uppgötva hljóðin sem þau geta gert með tungunni, tönnunum og raddböndunum. Um níu mánaða fara börn hins vegar að þrengja bablið niður í hljóð sem þau heyra daglega í tungumálinu sem talað er nálægt þeim. Bablið virðist þó ekki alltaf vera leið barna til að eiga samskipti þar sem þau babla mikið þegar þau leika sér ein og gætu börn því allt eins verið að syngja fyrir sig sjálf.

Í kringum eins árs afmælið fara börn að skilja marga frasa, til dæmis: gefðu mér knús. Það er þá sem fyrstu orðin fara að koma fram. Það er munur á því hvernig fullorðnir tala við börn og hvernig þeir tala við aðra fullorðna. Fullorðnir tala við börn með einfaldari orðum, hærri tóntegund og hægar. Það er kallað barnatal og það stuðlar að tungumála lærdóm barna (Berger, 2011). Litla barnið dvelur stóran part af deginum á leikskólanum og því þarf leikskólakennarinn að vera meðvitaður um að tala við börnin á auðveldan hátt og setja orð á athafnir til þess að styðja við tungumálalærdóm barnanna.

Þegar barnið er á milli eins og tveggja ára er mikið að gera hjá því en með aukinni hreyfigetu fer það að vilja rannsaka allt í umhverfinu og þegar þau átta sig á því að allt hefur nafn eru þau æst í að finna hvaða nafn hlutir og fólk í umhverfinu hefur. Þá fara þau að nota tungumálið til að læra um heiminn með því að herma eftir því sem aðrir segja og spyrja

spurninga en flestir kannast nú sennilega við tímabilið hjá börnum þegar þau svara öllum yrðingum með orðinu „ha”. Á þessum tíma er mikilvægt fyrir alla þá sem umgangast litla barnið, hvort sem það eru foreldrar eða leikskólakennarinn, að vera dugleg að tala við barnið vegna þess að með því að setja orð á hluti og athafnir er sá fullorðni að bæta í orðaforða barnsins (Otto, 2014). Börn hafa tvo orðaforða, annar er stærri en hann inniheldur þau orð sem börnin skilja (hlustunarorðaforði) en hinn inniheldur orðin sem barnið hefur tök á að segja (talandi orðaforði).

Síðast en ekki síst ber að nefna að þegar börn læra merkingu orða þegar hún er bundin við orð eða hljóð þá helst sá skilningur í hendur við hugtakaskilning. Fyrstu hugtökin sem börn læra eru þau sem skipta börnin máli, til dæmis yfir mikilvæga hluti og einstaklinga. Börn eru farin að átta sig á hugtökum áður en þau geta sagt orð yfir þau, líkt og með orðaforða, en þegar börn fara hins vegar að tengja orð við hugtökin eru þau farin að skilja og koma hugsunum sínum og hugmyndum fram við aðra en sú þróun helst í hendur við aukinn vitsmunabroska barna (Otto, 2014).

Við fullorðna fólkið vitum það sjálf að okkur líður betur þegar við erum í samskiptum við aðra þar sem tegundin okkar, manneskjan, er félagsvera. Málþroski og tungumálakunnátta barna hefur áhrif á þau tækifæri barna sem þau hafa til að vera í samskiptum við aðra í umhverfinu þeirra. Það er því mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu að leikskólakennarinn skipuleggi námskrána og lærdómsumhverfi barnanna til þess að styðja þau í þróun þessara þátta. Málörvun á því að vera í samræmi við þroska barnsins og fléttast inn í daglegt starf leikskólans en betur verður sagt frá málörvun yngstu barnanna í næsta kafla.

2.3 Sálfélagsþroski

Erik Erikson setti fram kenningu um sálfélagsþroska barna og hefur hún hlotið mikla viðurkenningu og náð mikilli útbreiðslu. Áður en talað er um þróun í sálfélagsþroska barna er því viðeigandi að víkja að helstu þáttum kenningarinnar en Erikson trúði að helsta áskorunin í lífinu fyrir manneskjuna væri leitinn að sjálfsmyndinni. Hann taldi persónuleika barns ekki vera orðinn mótaður í bernskunni heldur er hann að þróast frá vöggu til grafar (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Kenning hans snýst því um baráttu einstaklingsins við að finna sjálfsmynd sína en til þess að það takist þarf barnið að leysa verkefni, eða krísur eins og hann kallaði það, á hverju stigi þar sem lausnin er annars vegar jákvæð og hins vegar neikvæð. Það er mikilvægt

að leikskólakennari yngstu barnanna þekki kenninguna og geti þannig aðstoðað börnin við að fá jákvæða lausn þar sem niðurstaða á einu stigi hefur áhrif á gengi barnsins á því næsta.

Í kenningu Erikson segir hann að aðlögun barnsins að félagslegu umhverfi sínu sé einn mikilvægasti þátturinn í þroskaferli mannsins yfir ævina og taldi hann að þroski eigi sér stað í samskiptum mannsins við umhverfið og aðra einstaklinga og því má skýra hegðun barnsins út frá þeim félagslegu áhrifum sem barnið verður fyrir. Þroskaskleiðin í kenningunni eru samtals átta og er hvert stig tengt aldri. Fyrstu tvö skeiðin spanna tímann frá fæðingu til þriggja ára aldurs og verður þeim betur lýst hér á eftir.

Fyrsta stigið spannar fyrsta árið í lífi barnsins og snúast átökin á því stigi um traust annars vegar og vantraust hins vegar (Berger, 2011). Á þessu stigi ráða samskipti barnsins við foreldra sína úrslitum en ef foreldrarnir veita barninu mikla umhyggju, ást og öryggi mun traust í garð annarra þróast hjá barninu. Hins vegar er hættu á því að barnið upplifi vantraust ef foreldrar koma ekki til móts við þessar frumþarfir barnsins og þá er líklegt að barnið verði kvíðið og óöruggt.

Annað stigið í kenningunni á við börn á aldrinum eins til þriggja ára en þar snúast átökin um sjálfstæði eða efa og skömm. Á því stigi er barnið orðið hæft til að láta reyna á sjálfstæði sitt vegna þess að líkamleg og andleg hæfni er að þroskast (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Á þessu stigi er mikilvægt að ýta undir tilhneigingu barnsins til að rannsaka umhverfið og hvetja það til þess að prófa sig áfram svo að barnið öðlist sjálfstæði í stað þess að vera í óvissu með sjálfstæði sitt. Ef fullorðnir eru stanslaust að stoppa barnið af þegar það reynir að læra um hlutina með að kanna þá á eigin spýtur er hætt við að barnið fari að efast um eigin hæfni og hætti að reyna vegna hræðslu við að gera mistök. Þetta er því mikilvægt að hafa hugfast í starfi með yngstu börnum leikskólans.

Eins og sjá má er það helst fjölskyldan og samskipti innan hennar sem mótar þroska barnsins fyrsta árið og má því segja að grunnurinn að persónuleika barnsins sé lagður þar (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Hins vegar upp úr eins árs fer barnið að eyða meiri tíma utan fjölskyldunnar eins og til dæmis í leikskólanum og þá þarf leikskólakennarinn að þekkja þessa þætti og skipuleggja starfið til þess að auðvelda barninu að leysa krísuna vegna þess að hvernig barnið nær að leysa hana á einu stigi hefur áhrif á hver útkoman verður á því næsta. Leikskólakennari yngstu barnanna þarf því að hafa þessa þætti í huga og skipuleggja starf deildarinnar með það í huga að hvetja til sjálfstæðis og trausts meðal annars.

Tilfinningaþroski skiptir miklu máli til þess að barn geti tengst sínu félagslega umhverfi en börn fæðast með þörf til þess að tengjast öðrum. Á fyrsta árinu sýnir barnið helst tilfinningar sínar með því að brosa, hlæja og gráta. Þegar litla barnið er á öðru ári fer allt að verða spennandi í umhverfinu og þess virði að staldra við og skoða betur (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Á þessum aldri eiga sér stað miklar breytingar á tilfinningum barna en nýjir hlutir geta bæði verið mjög spennandi og skemmtilegir og einnig óhugnalegir og kallað fram hræðslu hjá barninu. Til þess að barnið nái góðum tilfinningaþroska þarf að vera gott jafnvægi á milli þessara ánægju- og spennutilfinninga og í því jafnvægi spila góð geðtengsl við foreldra eða forsjáraðila miklu máli en fjallað verður betur um geðtengsl aftur í kaflanum.

Þegar börn eru á aldrinum tveggja til þriggja ára eykst tilfinningaþroski þeirra enn meira en þá koma hræðslu og reiði tilfinningar sjaldnar og tengjast þá frekar óhugnalegri reynslu og nýjar tilfinningar koma fram líkt og stolt, skömm, viðbjóður og sektarkennd (Berger, 2011). Mikilvægt er að leikskólakennarinn þekki þessar framfarir og viðurkenni tilfinningar barnanna og setji orð á þær til þess að efla tilfinningaþroska þeirra. Betur verður sagt frá þessu neðar í ritgerðinni í kaflanum um hlutverk kennarans.

2.4 Geðtengsl

Með geðtengslum er átt við tilfinningalegt samband milli barns og forsjáraðila þess á fyrstu árunum sem endurspeglast í því að þau sækjast eftir því að vera nálægt hvoru öðru (Berger, 2011). Ungabörn sýna geðtengsl með því að fylgja foreldri eða öðrum umsjáraðila eftir og vera í snertingu við þau. Barn með örugg geðtengsl er forvitið og fús til að rannsaka en heldur tengslum við foreldra með því að líta annað slagið á það (Berger, 2011). Ungabörnum sem hafa örugg geðtengsl líður vel og eru sjálfsörugg á meðan þau sem hafa ekki náð öruggum geðtengslum sýna það oft með tilfinningum eins og kvíða, reiði og afskiptaleysi.

Sálfræðingurinn John Bowlby setti fram kenningu um tengslamyndun barna þar sem hann talar um fjögur stig geðtengslamyndunar sem þróast eftir aldri barnanna (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Gott er fyrir leikskólakennarann að þekkja þessa kenningu til að geta áttað sig á því hvar barnið stendur í geðtengslamyndun. Fyrsta stigið spannar fyrstu sex til átta vikurnar en þá virðist barnið ekki gera mikinn greinarmun á sínum nánustu og öðrum en það sést í því að þau virðast ekki kippa sér upp við það að vera skilin eftir hjá ókunnugum. Á öðru stiginu fara börn hins vegar að sýna mismunandi hegðun við sína nánustu og þeim sem þau þekkja minna en það stig á við börn frá sex vikna til átta mánaða. Barnið heldur þó áfram

að sýna öðru fólki áhuga en gerir það ekki jafn geyst og áður. Á þriðja stiginu er barnið frá sex til átján mánaða. Á því stigi fer það að sýna merki um aðskilnaðarkvíða þegar móðir eða annar forsjáraðili yfirgefur það. Á þessu stigi eru börnin farin að geta hreyft sig meira og reyna því oft að elta viðkomandi. Þegar barnið er átján mánaða eða eldri er það komið á síðasta stigið en þar gerir barnið sér grein fyrir því að foreldrarir eiga sér líf fyrir utan barnið og það fer að eyða meiri tíma í burtu frá þeim, til dæmis á leikskóla og er farið að átta sig á því að þau komi aftur (Lightfoot, Cole og Cole, 2013).

Það er mjög mikilvægt að börn séu með góð geðtengsl við fólkið í kringum sig svo að þeim geti liðið vel og verið örugg með stöðu sína sem hluti af heild. Styrk og örugg geðtengsl eru nauðsynleg til þess að barnið geti aðlagð sig að umhverfi sínu en líkt og áður kom fram taldi Erikson að aðlögun barnsins að félagslegu umhverfi sínu sé einn mikilvægasti þátturinn í þroskaferli barnsins út ævina (Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Þess vegna er mikilvægt að leikskólakennari leggi sig allan fram við að tryggja öryggiskennd og vellíðan hjá börnunum við upphaf leikskólagöngu þeirra.

Líkt og sjá má á þessum kafla er breytingin sem á sér stað í þroska litla barnsins fyrstu þrjú árin í lífinu gríðarlega yfirgripsmikil og því er nauðsynlegt að allir þeir sem vinna með börnum kynni sér þessa þætti til þess að geta mætt börnunum þar sem þau eru stödd í þroska og stutt þau áfram. Með því að kynna sér grunninn að þroska, hegðun og getu barnsins hafa kennararnir betri skilning á því hvaða hæfni börnin hafa og geta því sett viðráðanlegar kröfur á barnið. Einna mikilvægast er fyrir kennarana að kynna sér þessa þætti til að hafa ákveðið viðmið þegar þeir skipuleggja starfið á yngstu deildinni. Í næsta kafla verður fjallað um litla barnið í leikskólanum og í honum verður farið yfir hlutverk kennarans í skipulagi starfsins, þar sem áherslan er að efla þroska barnsins meðal annars með tilliti til námsumhverfis, efniviðar og samstarf við foreldra til þess að koma sem best til móts við þarfir barnanna.

3 Litla barnið í leikskólanum

Árið 2000 gengu 2343 tveggja ára börn í leikskóla á Íslandi og aðeins 425 eins árs börn samkvæmt Hagstofu Íslands (e.d.). Átján árum síðar, árið 2018, voru tveggja ára börnin orðin 3961 og eins árs börnin orðin 1998. Á þessum átján árum fjölgaði börnum undir þriggja ára í leikskóla á Íslandi því úr 2768 börnum í 5959 eða um 46%. Námið í leikskólanum á að vera í samræmi við þroska barnsins en það þýðir að sú kennsla sem liggur fyrir byggir á því hvar barnið er stadd í sálfélags-, vistmuna- og málþroska (Otto, 2014). Það er því augljóst að ekki er hægt að setja eina námskrá fyrir alla aldurshópa leikskólans. Miðað við fjölgun yngstu barnanna í leikskólanum síðustu ár er því mikilvægt fyrir leikskólakennara, sérstaklega þá sem hugsa sér að starfa með yngstu börnunum, að þekkja alhliða þroska barnsins til þess að geta skipulagt námskrána út frá viðeigandi kröfum, að barnið fái að reyna á réttar áskoranir á réttum tíma. Það er ekki síður mikilvægt að leikskólakennarinn afli sér upplýsinga um það hvernig yngstu börnin læra.

Líkt og áður kom fram eru yngstu börnin í leikskólanum á skynhreyfistiginu samkvæmt Piaget en það er eitt af fjórum stigum í vitsmunapróska barna (Berger, 2011). Börnin á yngstu deild nota því skynfæri sín til þess að sækja sér þekkingu um eiginleika hluta. Þegar barnið er að nota hendurnar og munninn til að læra um eiginleika hluta eins og hvernig þeir líta út, lykta og hljóma þá er barnið að læra. Með því að rannsaka hlutinn með skynfærunum eru þau til dæmis að efla vitsmunapróska þar sem þau búa til hugtök úr þekkingunni sinni sem þau geyma svo í heilanum.

Börn eru virk í að athuga hverju hlutir líkjast og hvað þeir gera en þau taka auðveldlega eftir smáum greinarmun í eiginleikum fólks, gjörðum þeirra og ætlunum. Þau tengja saman eitt við annað og þróa þannig hugmyndir sínar og hugtök. Þau læra einna mest með því að fylgjast með fólkinu í kringum sig og hlusta á það (Maguire-Fong, 2015). Góð leið fyrir leikskólakennarann til þess að sjá hvernig ungabörn læra er að horfa og hlusta á þau með óskiptri athygli til að sjá hvernig þau sækja sér þekkingu sína og hvernig hægt er að kenna þeim. Ávinningurinn af slíkri iðju er merkilegur vegna þess að þegar fullorðnir gefa sér tíma til að fylgjast með barni þá afhjúpar það hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar án þess að það taki yfirleitt eftir því. Það má því með sanni segja að mikilvægt er fyrir leikskólakennara yngstu barnanna að fylgjast með vegna þess að þar liggur grunnurinn að kennslu yngstu barnanna í leikskólanum.

Í hugum margra er kennsla að koma upplýsingum til þögulla barna og að kennarinn sé nokkurs konar yfirvald (Maguire-Fong, 2015). Ungabörn eru hins vegar alls ekki aðgerðalausir nemendur sem bíða eftir því að fá þá kennslu heldur hefja þau sitt eigið nám á auðveldan hátt með því að rannsaka umhverfið og mynda sér tilgátur og kenningar. Nutbrown og Page (2008) telja það mikilvægt að huga að styrkjum, þörfum og áhuga hvers barns þegar hugað er að kennslu þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að í leikskólastarfi eiga hugtökin uppeldi, ummönnun og menntun að fléttast saman í eina heild og þar eiga börn að fá hvatningu frá þeim fullorðna ásamt því að vera sýnd virðing og umhyggja. Börnin eiga að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni þar sem tekið er mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska og þannig auka trú á eigin getu.

Það er réttur barna að þau séu virt að verðleikum sem einstaklingar, að hlustað sé á þau og þau tekin alvarlega svo að þau vaxi upp sem sjálfstæðir og ábyrgir samfélagsþegnar (Goldschmied og Jackson, 2004). Það er því hlutverk okkar sem eldri eru að gefa börnunum tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um leið og þau hafa þroska og getu í það. Leikskólakennarinn ætti því að vera meðvitaður um að taka ekki völdin af börnum með því að gera hluti fyrir þau sem þau geta gert sjálf (Lewin-Benham, 2011). Ungabörn eru mjög fljót að átta sig á því þegar völdin eru tekin af þeim og getur það valdið því að þau fari að efast um sig. Ungabörn eru í eðli sínu forvitin og lausnamiðuð og ættu því að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á námsumhverfið sitt. Það að gefa þeim hlutverk er frábær leið til þess að efla alhliða þroska þeirra en það byggir meðal annars upp sjálfstraust, sjálfstæði og félagsfærni ásamt því að vera valdeflandi.

Starf á leikskóla fylgir ákveðnu dagskipulagi eða rútinu þar sem tími er skipulagður fyrir mismunandi athafnir yfir daginn. Þar er frjálsi leikurinn áberandi ásamt matartímum og samverustundum einna helst. Hjá yngstu börnunum er mikilvægt að gert sé rými fyrir þau á milli athafna þannig að þau hafi nægan tíma til að skipta um verkefni án þess að ýtt sé á eftir þeim. Þetta rými er mikilvægt fyrir þroskaskiðið sem þau eru á og því þarf námskráin að taka tillit til þess (Otto, 2014).

Rútin er sérstaklega mikilvæg fyrir yngstu börnin því hún veitir þeim öryggistilfinningu þar sem þau vita við hverju þau eiga að búast. Dagleg rútin mætir líffræðilegum þörfum barna að því leyti að þau fullnægja grunnþörfum líkt og hungri og þreytu. Hún mætir einnig sálfélagslegum þörfum en hún er frábært tækifæri til að eiga

maður á mann samskipti við barnið til dæmis í bleyjuskiptum eða við matarborðið. Tíminn þar sem barnið fær óskipta athygli kennarans og er virkur þátttakandi í samskiptum við hann gerir það að verkum að sálfélagsþroski eflist og tilfinningar líkt og traust og alúð vakna (Goldschmied og Jackson, 2004).

Leikskólakennari yngstu barnanna ætti því hiklaust að leyfa börnum að vera virkir þátttakendur í daglegu starfi leikskólans og gefa börnunum hlutverk og leyfa þeim að taka þátt. Með því að gera hlutina með börnum en ekki við börn er kennarinn að gefa þeim tækifæri til þess að efla félagsfærni sína, hugtakaskilning og tungumálakunnáttu meðal annars (Maguire-Fong, 2015).

Frábær og árangursrík leið til þess að efla sjálfstæði yngstu barnanna er að bjóða börnum upp á tvo kosti. Allir sem hafa umgengist börn frá eins til þriggja ára vita að þau hafa ríka þörf fyrir að gera hlutina án aðstoðar og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Með því að bjóða barninu upp á að velja á milli tveggja kosta er leikskólakennarinn að virða þörf barnsins fyrir sjálfstæði og gefur barninu ákvörðunarréttinn en það er einmitt það sem yngstu börnin þurfa samkvæmt Erikson, líkt og kom fram í öðrum kafla (Maguire-Fong, 2015). Fyrsta skrefið í ferlinu er að viðurkenna tilfinningar og markmið barnsins og segja barninu hvað þurfi að gera. Næst þarf kennarinn að segja barninu hvers vegna það þarf að gera það og þá býður kennarinn barninu tvo ásættanlega kosti til að velja úr. Barnið hefur þá völdin til að taka ákvörðunina og er himinlifandi yfir sjálfstæðinu og ábyrðinni sem það hefur. Með því að nota þetta verkfæri er kennarinn að sýna barninu að hann beri virðingu fyrir því ásamt því að efla alhliða þroska barnsins (Maguire-Fong, 2015).

3.1 Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans sem hugsar um litla barnið er fyrst og fremst að sjá til þess að barnið sé hamingjusamt og glatt eins mikið af tímanum og hægt er. Niðurstöður íslenskra rannsókna á hugmyndum leikskólakennara um leikskólann benda til þess að íslenskir leikskólakennarar telji mikilvægt að börnin séu ánægð og líði vel í leikskólanum (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Það eitt er víst að lífið býður upp á nógu marga erfiðleika án þess að það sé viljandi bætt á þá með óþarfa takmörkunum í leikskólanum (Goldschmied og Jackson, 2004). Með því er þó ekki átt við að kennarinn eigi að leyfa börnunum að hafa ótakmarkað frelsi heldur að vera leiðbeinandi í stað stjórnanda í starfsemi barnanna. Ótakmarkað frelsi er hvorki líklegt til að leiða til hamingju né til að styðja við alhliða þroska.

Leikskólakennarinn spilar stórt hlutverk í að móta hegðun barna en hann hins vegar hefur val um hvort hann geri það sem yfirvald með fyrirmælum eða í samvinnu við börnin. Rannsóknir hafa sýnt að samvinna hafi meiri áhrif á börnin og leiði til minni vanlíðan og átaka og þess vegna er gott og gagnlegt fyrir leikskólakennarann að leggja frekar áherslu á þá leið (Goldschmied og Jackson, 2004). Einnig þarf allt starfsfólk leikskólans að skilja kennslufræðilegt mikilvægi vinnunar sinnar svo að reynsla barnanna sem þau kenna sé ánægjuleg, kveiki undir forvitni, virkji sköpunargleði og einbeitingu sem mun síðan fylgja þeim út lífið.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) á starf leikskólans að skapa aðstæður fyrir börn þar sem þau fá svigrúm fyrir ímyndunarafli sitt og sköpun í leik ásamt því að fá tækifæri til þess að takast á við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja þau til rannsókna. Leikskólakennarinn þarf því að leggja áherslu á styrkleika barnanna og leitast við að koma til móts við þarfir þeirra þegar hann skipuleggur námskrána. Hann þarf að láta þau hafa viðfangsefni við hæfi og styðja þau við að efla alhliða þroska. Einnig á hann að stuðla að því að börn læri að bera virðingu fyrir öðrum og þróa með sér tilfinningar eins og samkennd, tillitsemi og vináttu.

Stórt hlutverk kennara yngstu barnanna er að hjálpa þeim við að læra inn á tilfinningar sínar en líkt og áður kom fram taka börn mikið stökk í tilfinningaþroska frá sex mánaða til tveggja ára og í leikskólanum fær barnið mörg tækifæri til að öðlast traust, sjálfsöryggi ásamt því að ýmsar tilfinningar líkt og gleði og stolt vakna (Maguire-Fong, 2015). Ungabörn læra um tilfinningar sínar og annara í eðlilegum aðstæðum og í eðlilegum samskiptum og því er mikilvægt fyrir kennarann að vera vakandi fyrir því þegar barn er að upplifa mismunandi tilfinningar líkt og reiði, sorg eða kvíða vegna þess að þar fær hann gott tækifærði til að styðja við og efla sálfélagsþroska barnanna með því að viðurkenna tilfinningarnar og setja nafn á þær. Þegar fullorðnir viðurkenna tilfinningar barna með því að orða þær við þau er hann ekki einungis að kenna þeim að þessi tilfinning sé til heldur einnig að það sé allt í lagi að finna fyrir henni en líkt og og kom fram í öðrum kafla skiptir tilfinningaþroski mikilu máli til þess að barn geti tengst sínu félagslega umhverfi.

Góður eiginleiki kennara yngstu barnanna er að hvetja börn til samræðna en það getur hann til dæmis gert með því að vera athugull og fylgjast með börnunum. Þá tekur hann eftir merkjunum sem börnin gefa honum um að þau vilji athygli og getur brugðist við á

hvetjandi hátt. Það að fylgjast með því hvar athygli barnanna liggur, hvort sem það er einhver hlutur sem þau eru með eða eitthvað sem þau horfa á, auðveldar kennaranum að búa til tækifæri til að eiga samræður við börnin um það sem þau hafa áhuga á (Bae, 2012). Hlustunarhæfni kennara yngstu barnanna skiptir einnig miklu máli en hann þarf að nota virka hlustun og hafa augnsamband við barnið sem er að tala og einbeita sér að því sem talað er um. Með því að hlusta á spurningar og athugasemdir barnanna styður kennarinn við barnið og hjálpar því að tjá sig ásamt því að sýna gott fordæmi fyrir börnin um mikilvægi hlustunar (Otto, 2014).

Kennarinn þarf að bera virðingu fyrir börnunum en samkvæmt Nutbrown (2011) snýst virðing ekki bara um það að vera góður heldur að vera skýr, heiðarlegur, kurteis og samkvæmur sjálfum sér. Það er ekki síður mikilvægt að kennari yngstu barnanna sé vel tengdur barninu og bregðist við látbragði þeirra og orðum. Það er mikilvægt vegna þess að yngstu börnin hafa mikla þörf fyrir líkamlega nánd við fullorðna og að þróa hæfni sína í samskiptum við þá. Rannsóknir hafa sýnt að þegar kennarinn er móttækilegur fyrir þessum yrðingum barnanna styður hann betur við þróun alhliða þroska barnanna ásamt því að þau verða færari í félagslegum samskiptum (Goldschiend and Jackson, 2004). Til þess að vera móttækilegur þarf kennarinn að tengjast börnunum og þekkja þau vel og ná vel til þeirra vegna þess að yngstu börnin byrja oft samskipti með óskiljanlegu máli eða látbragði sem gæti skort merkingu fyrir alla nema þá sem þekkja barnið vel. Kennari yngstu barnanna þarf því að gefa sér góðan tíma af deginum til að einbeita sér að hverju barni og bjóða þeim upp á tækifæri til að finna hlýju og ánægju af barnmiðuðum samkiptum sem byggja á gagnkvæmri virðingu.

Leikskólakennarinn þarf að vera faglegur en samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) snýst fagmennska leikskólakennarans meðal annars um nemendur, menntun þeirra og velferð ásamt sérfræðilegri þekkingu og viðhorfum til starfsins. Leikskólakennari sem tileinkar sér fagmennsku hlustar á og talar við börnin í þeirra hæð, ber virðingu fyrir þeim og sýnir þeim sanngirni (Dalli, 2008). Hann ber virðingu fyrir þörfum og persónueinkennum hvers og eins og er jákvæður, rólegur, vel upplýstur og tilbúinn til að hlusta á börnin og byggja starfið með áhuga og þekkingu þeirra í huga. Hann spyr opinna spurninga og talar við börnin en ekki einungis til þeirra.

Jákvæð og góð tenging á milli heimilis og leikskóla er grundvöllur til þess að styðja við og auka alhliða þroska barnsins. Sem kennari yngstu barnanna er mikilvægt að ná góðum samskiptum við fjölskyldu barnanna en þessi tengsl eru ekki einungis mikilvæg fyrir öryggi og stöðugleika barnsins heldur hvetur það foreldra barnsins til þess að sjá sig sem mikilvæga samstarfsmenn í að efla þroska og nám barnsins (Otto, 2014). Leikskólakennarinn þarf því að tryggja að þessi samskipti séu eins góð og þau geta mögulega verið til að barninu líði vel í leikskólanum og til að yfirfærslan á milli skóla og heimilisins sé góð en betur verður fjallað um samstarf við foreldra í næsta kafla.

Það er augljóst að leikskólakennari yngstu barnanna þarf að huga að mörgum þáttum þegar hann skipuleggur námskrána til þess að koma sem best til móts við þarfir barnanna. Hann þarf að huga að því hvernig hann getur skipulagt námskrána á þann hátt að hann efli alhliða þroska barnanna ásamt því að mæta öllum börnum þar sem þau eru stödd. Í næstu köflum verður fjallað um hlutverk hans við skipulagningu starfsins með þarfir og þroska yngstu barnanna í huga til að efla alhliða þroska þeirra.

3.2 Samstarf við foreldra

Foreldrar eru fyrstu og áhrifaríkustu kennarar barna sinna. Þegar foreldrar og leikskólakennarar vinna saman hefur það jákvæð áhrif á þróun alhliða þroska, þá sérstaklega sálfélagsþroska, barnanna og þess vegna ættu allir leikskólakennarar að sækjast eftir því að þróa slíkt samstarf (Nutbrown, 2011). Kennarinn hvetur til samstarfs foreldra meðal annars með því að miðla þekkingu til þeirra á uppbyggilegan hátt um fræðin sem liggja að baki þess hvernig barnið lærir og hvernig námskráin er skipulögð með það í huga. Það hjálpar foreldrunum og starfsfólki að átta sig betur á því hvaða leiðir börn til nota til að læra og hvernig þau geti skipulagt lærdómstækifæri fyrir þau með það í huga.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) stendur að samstarf á milli leikskólans og foreldra þurfi að byggjast á skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu beggja aðila. Það er mikilvægt að það ríki traust á milli beggja aðila og að þeir geti deilt hugmyndum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðarnir. Leikskólakennarinn er í samskiptum við foreldra barnanna á hverjum degi og þurfa þessi samskipti að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum foreldra.

Helstu samskipti sem kennarinn á við foreldrana er þegar þau koma með og sækja börnin og þá þarf hann að grípa það tækifæri til að veita foreldrunum upplýsingar um barnið. Þá er gott að segja foreldrum frá deginum og vera upplýsandi og jákvæður. Samræður í lok dags milli kennara og foreldra skipta máli fyrir yfirfærsluna heim og því skiptir máli að þau séu jákvæð og hughreystandi (Otto, 2014). Þegar barn kemur í leikskólann skiptir ekki síður máli að kennarinn ávarpi það með nafni og vel sé tekið á móti því. Með því er kennarinn bæði að sýna barninu að það skipti máli og sýna foreldrinu að barnið sé velkomið og öruggt (Maguire-Fong, 2015).

Sem kennari yngstu barnanna þarftu að miðla til foreldra hvernig mismunandi þættir í námskránni og umhverfinu munu styðja við og efla málþroska barna þar sem mikilvægt er að þau fái ríka málörvun og tækifæri til samskipta á fyrstu þremur árunum til að efla hæfni sína í tungumálinu og byggja þannig grunnin að góðri samskipta- og félagsfærni (Otto, 2014). Leikskólakennarinn er, líkt og áður kom fram stór áhrifavaldur á þróun tungumálsins hjá börnum og því er mikilvægt að hann afli sér þekkingu um það hvernig börn þróa áfram hæfni sína í tungumálinu og deili henni áfram til foreldra. Þar er gott og gagnlegt að leggja áherslu á mikilvægi þess að foreldrar tali við börnin sín og séu dugleg að setja orð á athafnir og hluti, bæði heima og þegar þau eru úti að erindast en líkt og áður kom fram læra börn tungumálið í gegnum samskipti við aðra og með því að setja orð á hluti og athafnir er sá fullorðni að auka orðaforða barnsins (Otto, 2014).

Eitt það nytsamlegasta sem leikskólakennarinn getur miðlað til foreldra með það í huga að efla vitsmunaproska og tungumálakunnáttu barnanna er að hvetja þau til að lesa fyrir og segja börnunum sögur strax frá fæðingu (Goldschmied and Jackson, 2004). Bækur þurfa að vera kynntar fyrir börnum sem ánægjuleg og spennandi iðja eins fljótt og auðið er en með því að lesa bækur fyrir börn eru foreldrarnir bæði að styðja við málþroska og læsi. Það er einnig frábær málörvun að syngja fyrir börn.

Traust og nán tengsl við aðra eru nauðsynleg fyrir alla hvort sem þú ert eins árs eða hundrað ára. Fólk þarf annað fólk í lífinu og hefur ríka þörf fyrir því að tilheyra og skipta máli. Þróun náinna og öruggra tengsla er hvergi mikilvægara en hjá litla barninu sem ver tíma í leikskólanum án foreldra sinna en líkt og áður kom fram eru styrk og örugg geðtengsl nauðsynleg til þess að barnið geti aðlagð sig að umhverfi sínu og til þess að þeim geti liðið vel og verið örugg með stöðu sína sem hluti af heild. Góð leið til að stuðla að öruggum

tengslum milli barns, foreldra og leikskólakennarans er aðferð sem Nutbrown (2011) þróaði og kallast lykilmanneskja.

Lykilmanneskja er starfsmaður sem ber ábyrgð á ákveðnum barnahóp og sér þá um að sinna öllum þáttum sem barnið þar. Hún sér um samskipti við foreldra barnsins, mætir og fullnægjir þörfum barnsins og reynir að efla alhliða þroska þess. Lykilmanneskjan þróar þannig náð samband við börnin sem hún er lykilmanneskja hjá og þekkir þarfir þeirra betur en aðrir. Þessi aðferð er ekki síður góð til að mynda traust tengsl á milli leikskólakennarans og foreldris heldur en leikskólakennarans og barnsins þar sem lykilmanneskjan er að veita barninu þeirra það sem þau myndu sjálf veita þeim með því að hjálpa barninu að komast í gegnum daginn og hjálpa þeim að finna öryggi (Nutbrown, 2011). Það getur því verið mjög árangursríkt og gott að nota þessa aðferð á yngstu deild til þess að gera yfirfærslu á milli heimilis og leikskóla auðveldari og minnka kvíða og streitu hjá börnum og foreldrum við aðskilnaðinn.

3.3 Leikurinn

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að leikurinn er börnum eðlislægur og sjálfsprottinn þar sem þau leika sér af frjálsum vilja og á sínum forsendum. Í leiknum fá börn tækifæri til að læra á umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar og tilfinningar og efla félagsfærni sína í samskiptum við önnur börn. Leikurinn er meginnámsleið barna þar sem þau fá að leysa vandamál sem koma upp í honum og efla bæði vitsmuna- og sálfélagsþroska.

Leikurinn er ákaflega mikilvægur þáttur leikskólastarfsins en eftir því sem tækifærin til leiks eru betri fyrir börnin fá þau ánægjulegri reynslu af leikskólanum. Í frjálsum leik eiga yngstu börnin að fá tækifæri til að meðhöndla og leika sér með fjölbreyttan efnivið og hluti (Otto, 2014). Efniviðurinn ætti að vera opinn, það er að hafa marga möguleika, svo að börn geti notað hann á marga vegu. Eins til tveggja ára börn eru mjög hrifin af skynjunarleikjum eins og að snerta, hlusta, smakka og sleppa hlutum (Otto, 2014). Þau eru þó farin að gera leikinn flóknari með því að nota tungumálið til að skipuleggja og taka þátt í leiknum og með auknum þroska og líkamlegu sjálfstæði fara þau að vilja hafa meiri áhrif á að velja hvað þau leika sér með og hvenær.

Yngstu börnin nota leikinn til þess að auka hæfni sína í samskiptum við aðra og kennarinn hefur því stórt hlutverk í leik barna en það er að vera virkur athugandi og fylgjast

með hegðun barnanna og þeirra þátttöku í mismunandi starfi. Þeir ættu að ganga um rýmið og blandast í samræður barnanna en með því að vera virkur athugandi nær kennarinn að styðja við barnið í samskiptum við aðra. Þegar kennarinn fylgist með leik barna öðlast hann einnig mikla þekkingu um barnið þar sem það afjúpar hugsanir sínar og hugmyndir í gegnum gjörðir, svipbrigði og tjáningu (Maguire-Fong, 2015). Í leiknum þróa börn kenningar með því að mynda tilgátu og síðan prófa hana og sjá hvort tilgátan reynist rétt eða ekki. Barnið er þá að nota frjálsa leikinn til að efla vitsmunaproskann sinn og þar getur kennarinn komið til móts við barnið og gert lærdóminn enn ríkulegri með því að setja orð á athöfnina og efla þannig hugtakaskilning barnsins og tungumálhæfni.

Þegar kennarinn kemur inn í aðstæður og styður við barnið í leiknum er hann að ýta undir þróun á alhliða þroska en Vygotsky talar um leik sem leið barna til þroskast og í honum gæti barn gert það sem það gæti ekki gert í raunveruleikanum (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Hann lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að sá sem er hæfari en barnið, leikskólakennarinn til dæmis, hafi mikil áhrif á þroska barnsins með því að setja markið hærra en barnið ræður við óstutt og styðja við það til þess að barnið gæti gert eitthvað án aðstoðar á morgun sem það þurfti aðstoð við í dag. Leikskólakennarar eiga því að gæta þess að börn fái örvandi og hvetjandi leikefni og að finna krefjandi viðfangsefni fyrir þau svo þau fái gott tækifæri til að læra á meðan þau leika sér.

3.4 Námsumhverfi

Þar sem leikskólinn er bæði staður til að lifa, læra og leika í þarf umhverfið að taka mið af því hvernig best má styðja við þessa þætti. Það þarf því að flétta saman þægilegu, heimilislegu og lærdómsríku umhverfi. Skipulag námsumhverfis hefur áhrif á hvaða tengsl börn þróa við aðra, umhverfið og í heilanum. Það sem er á deildinni og hvernig það virkar eflir hæfni barna á fjölbreyttan hátt en á fyrstu árunum í lífi barna má í raun segja að umhverfið sé námskráin (Lewin-Benham, 2011). Vel úthugað og skipulagt námsumhverfi styður við þróun alhliða þroska, sjálfstjórn og einbeitingu en þegar leikskólakennarinn hefur kynnst hverju barni vel er mikilvægt að hann skipuleggi umhverfið eftir þörfum þeirra. Börn á aldrinum eins til þriggja ára hafa mikla þörf fyrir að láta reyna á sjálfstæði sitt og þess vegna þarf kennarinn að hafa þá þörf í huga þegar hann skipuleggur umhverfið þannig að börnin fái tækifæri til þess að prófa sig áfram og gera hlutina sjálf.

Mikilvægt er að námsumhverfið á deildinni sé örvandi og hvetji börn til þekkingarleitar en ef svo er ekki má segja að leikskólakennaranum hafi mistekist að mæta þörfum barnanna vegna þess að leiksvæði ungra barna má í raun líkja við rannsóknarstofu þar sem þau rannsaka hvernig hlutir eru og hvernig þeir virka (Maguire-Fong, 2015). Leikskólakennarinn byggir þannig grunninn að lærdómi barnanna með því að velja leikföng, húsgögn og efnivið sem hvetur börn til rannsóknar og lausnaleitar.

Ungabörn njóta þess að fá tíma og rými til að hreyfa sig. Hlutverk kennarans er því að efla hreyfiproska barna með því að skipuleggja rýmið þannig að börnin hafi sem flest tækifæri til að auka hreyfigetuna (Maguire-Fong, 2015). Það eitt að setja kassa inn í rými og láta dót ofan á hann getur hvatt börn til að auka hreyfigetu sína. Skríðandi barn gæti notað kassann til að toga sig upp og standa við hann að skoða dótið. Labbandi barn gæti reynt að klifra upp á kassann.

Námsumhverfið þarf að vera skipulagt með það í huga að í því eru litlir rannsakendur sem nota, líkt og Piaget sagði, skynfærin til þess að rannsaka umhverfið en til þess að geta rannsakað þurfa börnin að fá frið til þess að einbeita sér. Ungabörn truflast auðveldlega og því getur verið erfitt fyrir þau að rannsaka í leik ef þau ná ekki að halda athygli (Maguire-Fong, 2015). Til þess að mæta vitsmunalegum þörfum barna er því mikilvægt að kennarinn skipti upp rýminu til þess að börnin fái næði til þess að einbeita sér. Þegar kennarinn hins vegar skiptir upp rýminu má hann ekki gleyma að koma til móts við sálfélagslegar þarfir barnanna en yngstu börnin hafa þörf fyrir tengsl við aðra og ríka þörf fyrir því að sjá kennarann. Sniðug leið til þess að skipta rýminu niður er að vera með húsgögn á hjólum þar sem kennarinn getur auðveldlega fært þau til en húsgögnin þurfa að vera af þeirri stærð að börnin geti alltaf séð kennarann.

Goldschmied og Jackson (2004) sögðu kennara yngstu barnanna hafa þrjú hlutverk inni í leikrýminu en það eru hlutverkin skipuleggjandi, frumkvöðull og leiðbeinandi. Sem skipuleggjandi ber hann ábyrgð á því að setja upp umhverfið þannig að rýmið nýtist sem best þar sem útlit rýmisins er þægilegt, hreint og húsgögnin vel skipulögð. Þetta þarf hann að gera með þarfir allra barna í huga og er því óhætt að segja að nóg sé að gera hjá skipuleggjandanum. Sem leiðbeinandi þarf hann að skipuleggja tímann, rýmið og efniviðinn en þar leyfir hann barninu að velja efniviðinn og þróa leikinn sinn einn eða með öðrum. Leiðbeinandinn fylgist með leiknum og er tilbúinn að bregðast við þörfum barnanna. Sem

frumkvöðull er kennarinn með stjórn á því sem gert er, líkt og í samverustundum eða hópastarfi. Þá er hann með minni hóp sem þarfnast óskipta athygli hans og býður þeim aðstoð eftir þörfum þeirra. Frumkvöðlinum má þó ekki taka sem hörðum stjórnanda sem les yfir þögulum börnum heldur er hann frekar í því hlutverki að skemmta þeim í minni hóp og gera eitthvað skemmtilegt. Yngstu börnin í leikskólanum eiga heldur aldrei að vera látin sitja þögul undir stjórn annarra annars vegar vegna þess að það er ekki samræmi við þroska og aldur barnsins og hins vegar vegna þess að þau væru að missa af tækifæri til að læra í gegnum leikinn sem er meginnámsleið þeirra.

Það er ýmislegt sem kennarinn þarf að varast þegar hann skipuleggur námsumhverfi yngstu barnanna. Þar sem börn hafa ríka þörf fyrir hreyfingu getur langt og þröngt umhverfi hvatt börnin til þess að fara að hlaupa fram og til baka eins og rýmið væri hlaupabraut. Hlaupin geta raskað einbeitingunni hjá öðrum börnum og því þarf kennarinn að finna lausn á þessum vanda, til dæmis með því að endurraða húsgögnum (Lewin-Benham, 2011). Einnig þarf hann að varast það að vera með óreiðu í rýminu líkt og óskipulagðar hillur þar sem engir hlutir passa saman. Börn eiga oft erfitt með að sjá samband á milli hluta ef þeir eru ekki nálægt hvor öðrum og þá missa þau af tækifæri til þess að efla vitsmunabroskann með því að flokka saman og mynda hugtök.

3.5 Efniviður

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að leikefni í leikskólanum þarf að hvetja börnin til mismunandi skynjunar og örva þau til rannsókna. Hann þarf einnig að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra og sköpun. Leikefni yngstu barnanna ættu því ekki að vera takmörkuð við keypt leikföng en eitt af vinsælustu leikföngum ungabarnsins er venjulegur efniviður. Venjulegur efniviður eru einfaldir hlutir eins og pottar, kassar, efnisbútar, klósettpappírurúllur og annað slíkt. Í raun má segja að það sem margir telja vera rusl gæti verið flottur efniviður fyrir yngstu börnin á leikskólanum (Maguire-Fong, 2015). Þegar barnið fær slíkan efnivið getur upprunaleg merking hans breyst og barnið búið til nýja merkingu, dæmi um þetta er að klósettpappírurúllan gæti breyst í kíkí. Náttúrulegur efniviður er frábær fyrir yngstu börnin en hann virkjar forvitni þeirra, skynfæri, sköpun og ýtir undir ímyndunarafl þeirra. Náttúrulegur efniviður er allt það sem við finnum úti í náttúrunni eins og skeljar, spýtur, laufblöð og könglar til dæmis.

Efniviður hefur áhrif á heilaproska og börn nota hann til að þróa skynfærin, grófhreyfingar, fínhreyfingar og tungumálið. Börn rannsaka hann með því að snerta, smakka, skoða og handfjatla meðal annars (Lewin-Benham, 2011). Kennari yngstu barnanna ætti því að hvetja börn til að auka hæfni sína með því að kynna þau fyrir fjölbreyttum efnivið. Með því að bjóða börnunum upp á litla hluti sem þarf að nota þumal og vísifingur til að taka upp stuðlar kennarinn að aukinni færni í fínhreyfingum hjá börnunum en frá átján mánaða til þriggja ára er mikilvægt að börn fái að þjálfa þær.

Með hreyfigetu í huga er mikilvægt að kennarinn viti hversu góð hæfni barnanna er í að teygja sig eftir hlut og grípa hann. Kennarinn þarf að vita hvar börnin eru stödd í þessu ferli vegna þess að ef börnin eru ekki orðin fær í því þurfa þau sérstaklega að hafa aðgang að efnivið sem auðvelt er að ná gripi utan um. Þá er gott að hann bjóði þeim upp á efnivið eins og armbönd, gardínuhringi, tuskur og annan slíkan sem vel er hægt að grípa um og forðist hluti eins og mjúka bolta sem færast í burtu ef að gripið er ekki orðið sterkt.

3.6 Málörvun

Á leikskólaárunum er lagður grunnur að læsi barna sem hefur síðan áhrif á velgengni barna á næstu skólastigum. Þessi grunnur er byggður úr mörgum þáttum líkt og vitsmuna- og sálfélagsþroska (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Maðurinn er félagsvera sem notar tungumálið til að eiga samskipti við aðra. Málþroski skiptir þess vegna miklu máli í lífi barns og því er mikilvægt að leikskólakennari yngstu barnanna leggi áherslu á málörvun í starfinu. Málörvun þarf að vera í samræmi við þroska barnsins en hana er hægt að flétta inn í allt daglegt starf leikskólans. Kennarinn þarf því að skipuleggja lærdómsumhverfið og námskrána með nægu rými fyrir málörvun (Otto, 2014). Börn eiga að hafa tækifæri til að vera virk í samskiptum í gegnum daginn, hvort sem það er í hópi eða maður á mann.

Á meðan börnin eru á þessum aldri skipta viðbrögð fullorðinna við samskiptum þeirra gríðarlega miklu fyrir málþroska barnanna, hvort sem samskiptin eru með orðum eða látbragði (Otto, 2014). Það er mikilvægt að kennarinn tali við börnin í þeirra hæð og nái augnsambandi en þetta er oft erfitt á þessum aldri þar sem börnin hafa ekki mikla einbeitingu og þurfa að fá útrás. Í samskiptum við börn er mikilvægt að taka pásu og gefa þeim tíma til þess að svara. Það er ekki hvetjandi fyrir barn þegar sá fullorðni fyllir inn í eyðurnar eða svarar fyrir barnið ef það svarar ekki um leið. Þar sem börnin eru á byrjunarstigi í samræðuhæfni þarf kennarinn að finna leiðir til að halda samtalinu gangandi,

til dæmis með því að nota svipbrigði sem sýna barninu að hann sé að bíða eftir svari eða benda á hlutinn sem um ræðir. Það er ekki síður mikilvægt að tala við barnið svo það skilji en þegar orðanotkun kennarans er flókin eiga börn það til að draga sig úr samræðum. Mikilvægt er því að segja minna og nota auðveldan orðaforða í styttri setningum, tala rólega og endurtaka sig ef þörf er á.

Samkvæmt Lewin-Benham (2011) eru samræður mikilvægar fyrir málþroska barna vegna þess að þær undirbúa barn fyrir að hugsa rökrétt og byggja upp orðaforða svo að börn geti seinna meir myndað hugtök. Öll samskipti eru hins vegar ekki samræður. Samræður efla hugsunarhæfni og heilaproska barna en í samræðum hefur kennarinn ákveðin áform sem gætu til dæmis verið að auka minni barna eða einbeitingu.

FIND (The filming interactions to nurture development program) er samskiptaaðferð sem var hönnuð til að efla náttúruleg samskipti milli barns og fullorðinna sem styðja við þroska þeirra (Giuliani, Beauchamp, Noll og Fisher, 2019). Í aðferðinni er einblínt á samskipti barna og fullorðinna á meðan börnin eru á yngri árunum þegar heilaproskinn er í byggingu fyrir hæfni í sálfélags- og vitsmunaproska ásamt hæfni þeirra til að ná sjálfstjórn. Gott er fyrir kennara yngstu barnanna að tileinka sér þessa aðferð þar sem hún leggur áherslu á samskiptamynstur milli barns og fullorðinna sem byggir á því að taka á móti upplýsingum og gefa til baka (serve and return). Börn miðla upplýsingum náttúrulega til fullorðna þegar þau hefja samskipti með látbragði, orðum eða augnaráði. Fullorðnir taka þá á móti upplýsingunum og svara á þann hátt sem er í samræmi við þroska barnsins. Rannsóknir sýna okkur að þetta samskiptamynstur er nauðsynleg fyrir þróun heilaproskans en þegar fullorðnir hafa samskipti við börn á þennan hátt eru þau að hjálpa við byggingu taugatengsla í heila barnsins sem styður við þróun alhliða þroska.

Helsta leiðin sem börn nota til að læra tungumálið er með því að fylgjast með og hlusta á aðra tala saman (Maguire-Fong, 2015). Dagleg rúttína býður upp á stórkostlegt tækifæri til málörvunar en þar getur kennarinn kynnt æði mörg orð fyrir barninu, til dæmis í bleyjuskiptum eða við matarborðið. Hann gæti þá átt samræður við börnin um það hvað hann væri að gera til þess að barnið gæti tengt orð við athöfnina ásamt því að setja orð á þá hluti sem notaðir eru. Kennarinn ætti einnig að skipuleggja leiksvæðið með málörvun í huga þar sem hann leggur til efnivið þar sem börnin fá reynslu til að kanna mismunandi þætti og byggja þannig upp góðan orðaforða.

Bókalestur er frábær málörvun sem eykur málþroska á öllum sviðum en mikilvægt er að velja bækur við hæfi og muna að tilgangurinn er frekar að rannsaka bókina frekar en að lesa textann orð frá orð (Otto, 2014). Hugtakaskilningur barna eykst þegar tengt er saman það sem gerist í bókinni og það sem gerist í lífi barnanna eða umhverfi. Bækurnar ættu að vera í hæð barnanna bæði til að hvetja þau til lesturs og að hvetja þau til að skila þeim aftur. Bækurnar eru meira heillandi ef kápan snýr fram og börn hafa frekari löngun til lesturs ef þau hafa eitthvað þægilegt til að sitja á.

Söngstund er einnig frábært tæki til málörvunar en hún hvetur börn til að hlusta og herma eftir. Áhrifaríkustu löginn fyrir yngstu börnin eru lög þar sem hreyfingar eru tengdar við textann eins og *Höfuð, herðar, hné og tær* eða *Fimm litlir apar*. Börnin læra þá fyrst að hlusta á lagið og gera hreyfingarnar og svo fer það að geta sungið með (Otto, 2014).

4 Lokaorð

Þessi ritgerð fjallaði um yngstu börnin í leikskólanum og mikilvægi þess að kennarinn komi til móts við þarfir þeirra. Á fyrstu þremur árunum í lífi barns verða miklar breytingar á getu og þroska þess en fyrstu mánuðina spannar geta barnsins yfir meðfæddar athafnir en eftir því sem barnið eldist fer það að öðlast hæfni eins og að skríða, ganga og tala.

Heili ungabarnsins er mjög upptekinn fyrstu þrjú árin þar sem að börnin eru strax frá fæðingu tilbúin til að safna sér þekkingu, skipuleggja hana og geyma í minninu þangað til þau þurfa á henni að halda. Eins og áður kom fram er heilinn við fæðingu um 25% af þeirri stærð sem hann verður en um þriggja ára er hann orðinn um 90% af stærðinni sem fullorðni heilinn verður en það lýsir því vel hvað barnið er að læra margt nýtt á fyrstu þremur árunum. Málþroski barna er í mikilli þróun fyrstu þrjú árin en börnin fara frá því að babla í að geta verið í samskiptum við aðra þar sem þau nota tungumálið. Mikilvægt er fyrir leikskólakennara yngstu barnanna að reyna að flétta málörvun inn í allt starf leikskólans til þess að efla tungumálakunnáttu barnanna.

Piaget var fræðimaður sem rannsakaði mikið vitsmunabroska barna en hann setti fram stigbundna kenningu um þróun vitsmunabroskans. Fyrsta þroskastigið, skynhreyfistigið, á við börn frá fæðingu til tveggja ára en á því stigi nota börnin skynfærin og hreyfigetuna til þess að læra. Það er því mikilvægt að leikskólakennarinn skipuleggi umhverfið og efniviðinn með það í huga að börnin geti notað skynfærin sín til þess að læra. Kenning Piaget er frábært verkfæri fyrir leikskólakennara þegar kemur að því að skipuleggja námsumhverfi með þroska barnanna í huga.

Annar fræðimaður, Erikson, setti fram kenningu um sálfélagsþroska sem mikilvægt er að allir þeir sem huga að því að vinna með yngstu börnin í leikskólanum kynni sér þar sem hann talar um að hægt sé að skýra hegðun barns út frá þeim félagslegu áhrifum sem barnið verður fyrir. Í kenningunni eru átta þroskastig en á hverju stigi þarf barnið að leysa krísur þar sem lausnin er annars vegar jákvæð og hins vegar neikvæð. Hvernig barninu tekst til á einu stigi hefur áhrif á gengi þess á því næsta og því er mikilvægt að leikskólakennarinn leggi sitt af mörkum og aðstoði þannig barnið til þess að það nái að leysa krísuna. Það sem börnin þurfa fyrstu þrjú árin samkvæmt Erikson er traust og sjálfstæði og ætti leikskólakennarinn því að skipuleggja námskrána með þessar þarfir í huga.

Líkt og kom fram í kaflanum um litla barnið í leikskólanum á námið í leikskólanum að vera í samræmi við þroska barnsins sem þýðir að sú kennsla sem liggur fyrir byggir á því hvar barnið er stött í alhliða þroska. Það er augljóst að yngstu börnin í leikskólanum þurfa öðruvísi áskoranir en elstu börnin í leikskólanum og er því mikilvægt að leikskólakennarinn kynni sér þroskasálfræði barna frá fæðingu til þriggja ára og þær leiðir sem barnið notar til þess að afla sér þekkingu.

Kennarinn hefur því stórt og mikið hlutverk þar sem hann þarf að skipuleggja námskrá deildarinnar á þann hátt að þörfum allra barna sé mætt og komið sé til móts við þau þar sem þau eru stödd. Kennarinn eflir alhliða þroska barnsins með því að skipuleggja námsumhverfi og val á efnivið sem hvetur það til rannsókna og samskipta við aðra. Kennari yngstu barnanna í leikskólanum styður meðal annars við sálfélagsþroska barnanna með því að gefa börnunum færi á að efla sjálfstæði sitt með því að fá að prófa sig áfram á eigin spýtur og gefa þeim nægan tíma til þess. Þrátt fyrir mikilvægi þess að kennarinn sé meðvitaður um að flétta lærdóm inn í starf leikskólans á einn eða annan hátt er þó ekki síður mikilvægt að leikskólakennari yngstu barnanna sé traustur og umhyggjusamur og láti börnunum líða vel á meðan þau dvelja í leikskólanum.

Sem leikskólastarfsmaður finnst mér þessi ritgerð hafa mikið fram að færa fyrir leikskólastarf þegar hugað er að námi yngstu barnanna. Á þeim árum sem ég hef starfað í leikskóla hef ég bæði unnið með yngstu börnin sem eru að taka sín fyrstu skref í leikskólanum og elstu börnunum sem eru að taka sín síðustu skref í leikskólanum. Þar af leiðandi hef ég séð svart á hvítu hversu ólíkar þarfir þessir aldurshópar hafa og því finnst mér mjög mikilvægt að starf deildarinnar sé í samræmi við aldur og þroska barnanna sem að á henni dvelja. Þessi ritgerð er því frábært verkfæri fyrir alla þá leikskólastarfsmenn sem ætla sér að starfa með yngstu börnunum vegna þess að í henni fá þeir fræðslu um þroskasálfræði barnanna á fyrstu þremur árunum. Einnig fá þeir fræðslu um þær leiðir sem leikskólakennarinn getur nýtt sér við skipulagningu námskránnar sem er í samræmi við þroska og aldur barnanna til þess að þeir geti komið til móts við þarfir þeirra.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Leikskóla 2011

Bae, B. (2012). Children and Teachers as Partners in Communication: Focus on Spacious and Narrow Interactional Patterns. *International Journal of Early Childhood*, 44, 53-69. Sótt af <https://link.springer.com/article/10.1007/s13158-012-0052-3#citeas>

Berger, K. S. (2011). *The Developing Person Through the Life Span*. New York: Worth Publishers.

Dalli, C. (2008). Pedagogy, Knowledge and Collaboration: Towards a ground-up perspective on professionalism. *European Early Childhood Education Research Journal*, 16(2), 171-185. Doi: 10.1080/13502930802141600

Giuliani, N. R., Beauchamp, K. G., Noll, L. K. og Fisher, P.A. (2019). A Preliminary Study Investigating Maternal Neurocognitive Mechanisms Underlying a Child Supportive Parenting Intervention. *Frontiers in Behavioral Neuroscience*, 13(16), 1-14. Sótt af <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fnbeh.2019.00016/full>

Goldschmied, T. og Jackson, S. (2004). *People Under Three. Young children in day care*. New York: Routledge.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Börn í leikskóla. Sótt af https://visar.hagstofa.is/felagsvisar/educational-dimension/born_i_leikskola/

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski Leikskólabarna. Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2007). „Það sem áður var bannað er nú leikur”. Breytingar á uppeldissýn í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 119-135.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik”. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.p>

Lewin-Benham, A. (2011). *Twelve Best Practices for Early Childhood Education*. New York: Teachers College Press.

Lightfoot, C., Cole, M. og Cole, S. R. (2013). *The Development of Children*. New York: Worth Publishers.

Maguire-Fong, M. J. (2015). *Teaching and Learning with Infants and Toddlers*. New York: Teachers College Press.

Nutbrown, C. (2011). *Key Concepts in Early Childhood Education and Care*. Los Angeles: Sage.

Nutbrown, C. og Page, J. (2008). *Working with Babies and Children: From birth to three*. Los Angeles: Sage.

Otto, B. (2014). *Language Development in Early Childhood Education*. New Jersey: Pearson.